

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

382. fundur

Föstudaginn 15. desember 2023 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 7:30.

Mætt voru:

Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri og Elísa Kristmannsdóttir (EK) deildastjóri fjármála sem ritaði fundargerð.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Álit Persónuverndar lagt fram
2. Niðurstaða vagnakaupaútboðs
3. Vagnakaup næsta árs
4. Klapp staðan
5. Eftirlit með greiðslum.
6. Starfsáætlun samþykkt.
7. Smá tölfræði frá Strætó
8. Baukar í vögnum
9. Fyrirspurnir - erindi

Tekið fyrir:

1. Álit Persónuverndar lagt fram

Framkvæmdastjóri lagði fram ákvörðun Persónuverndar, dagsetta 28. nóvember 2023 er varðar öryggisbrest hjá Strætó sem var tilkynntur til Persónuverndar þann 27. desember 2021. Ákvörðun Persónuverndar verður að óbreyttu birt á vefsíðu Persónuverndar. Stjórnin fagnar öllum ábendingum um það hvernig bæta megi örugga gagnavörslu og vinnslu og hefur Strætó unnið markvisst úr þeim ábendingum sem koma fram í ákvörðun Persónuverndar.

2. Niðurstaða vagnakaupaútboðs

Farið yfir minnisblað frá Mannviti varðandi mat á tilboði lægstbjóðanda í útboði Strætó nr. 15890. Tilboð lægstbjóðanda metið gilt og uppfyllir öll skilyrði útboðsskilmála og því tekið.

3. Vagnakaup næsta árs

Lagt var fram minnisblað vinnuhóps varðandi tillögu að vagnakaupa fyrir 2024. Niðurstaða minnisblaðs er að skynsamlegast sé að fjárfesta í eins mörgum vögnum og hægt er vegna aldurs vagna hjá Strætó. Hópurinn lýsti því einnig að þörf er á afkastameiri vögnum anna mögulegri farþegaaukningu og verður það skoðað frekar.

4. Klapp staðan

Daði Áslaugarson, deildarstjóri upplýsingatækni kom á fundinn og fór yfir stöðuna á Klappinu. Einnig var kynnt næstu skref í þróun Klappsins, sem Strætó er að vinna með birgjanum FARA, varðandi nýjungar og aukningu í að hraða tíma við skönnun á farmiðlum sem nota kóða. Samkvæmt nýjustu tímaáætlun frá FARA er gert ráð fyrir að snertilausar greiðslur verði tilbúnar á 1sta ársfjórðungi 2024.

5. Eftirlit með greiðslum

Framkvæmdastjóri fór yfir hlutverk eftirlitsmanna í fortíð og nútíð, en nýtt verklag bætist við þegar lagt er á farþegaálag ef viðskiptavinur greiðir ekki rétt fargjald. Ekki er gert ráð fyrir að um mörg tilvik verði að ræða.

6. Starfsáætlun

Drög að starfsáætlun var lögð fram og samþykkt.

7. Smá tölfræði frá Strætó

Farið yfir ýmis tölfræðiupplýsingar um stundvísi, fjöldi innstigi, notkun rafvögnum og fleiri.

8. Baukar í vögnum

Farið yfir eftirlitsaðgerðir með baukum í vögnum Gamaldags aðferð við innheimtu í almenningssamgöngum og erfitt að hafa eftirlit með þeim. Komið hafa upp tilvik þar sem brotist er inn í bauka. Til framtíðar þarf að skoða fyrirkomulag staðgreiðslu í vögnum. Ákveðið að gera könnun um hvað hátt hlutfall greiðir með peningum í vögnum.

9. Fyrirspurnir - erindi

Erindi frá Umhverfis- og skipulagsráði: skoða hvort fýsilegt væri að merkja allar biðstöðvar með númerum/bókstöfum, til viðbótar við heiti stöðanna.

Erindi frá umhverfis- og skipulagsráði um tengingar milli Árbæjar- og Breiðholts

Erindi frá umhverfis- og skipulagsráði: Tillaga frá áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks um að settar verði upp greiðsluvélar í vögnum sem taki við reiðufé.

Framkvæmdastjóra falið að svara þessu.

Fylgiskjöl: Tölfræðiupplýsingar.

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson